

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



Dags eftirlits	21.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hlíðarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Freyr Elínarson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar skil á skráningum fyrir árið 2021. Áfram er opið eldra frávik er varðar urðun umfram heimild í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Byggðasamlagsins Hulu á Skógasandi. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skil á skráningum (gr. 5.4)
3. Önnur mál
4. Skoðunarferð

Byggðasamlagið hefur heimild til urðunar á 400 tonnum af úrgangi á urðunarstaðnum á Skógasandi. Urðað hefur verið umfram heimild starfsleyfisins undanfarin fjögur ár (2018-2021) og úrbótaáætlanir rekstraraðila ekki gengið eftir. Rætt var um vandann við fulltrúa rekstraraðila, en rekstraraðili þarf að sækja um breytingu á starfsleyfi eða draga úr urðun og halda sig innan heimilda starfsleyfisins.

Rætt var um skil á skráningum en rekstraraðili skal skila skráningum, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum var ekki skilað að fullu fyrir árið 2021.

Rekstraraðila var kynnt nýtilkomin heimild Umhverfisstofnunar til álagninga stjórnvaldssekta.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skila eftirlitsaðila niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum voru ekki fullnægjandi þar sem vantaði skráningar fyrir tl. 2-6 í gr. 5.1.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.12.2022



Sigríður Magnúsdóttir

